

42 Um reikning hjeradslæknisins hafið þjer athugað það, að hestleiga með fódri sje of hátt sett í honum. Amtmaðurinn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu hefir þar á móti haldið því fram, að þegar litið sje til þess, hvernig orðin liggja í 1. gr. hins nefnda opna brjefs um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum, þá virðist hinn umræddi kostnaður verða að teljast með þeim kostnaði, sem dvöl eða framfærsla Jóhanns í Kjósarhreppi hafi haft í för með sjer, enda mundi engum hafa komið til hugar að skoda kostnaðinn við ferð hjeradslæknisins sem fátækraflutningskostnað, ef það hefði orðið úr, að Jóhann Bjarnason eigi hefði orðið álitinn flutningsfær. Að því leyti er upphæð reikningsins snertir, þá hefir amtmaðurinn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu fallizt á það, að hestleiga með áfóðri væri talin að eins 3 kr. á dag fyrir hvern hest, og reikningurinn þá færður niður í 34 kr.

Jeg verð nú að vera yður samdóma um það, að kostnaðurinn við dvöl Jóhanns á Írafelli frá 19. desbr. 1896 til 11. (eða 12.) janúar næst eptir geti eigi skodast sem löglega veittur sveitarstyrkur, þar sem hann eigi dvaldi þar eptir ráðstöfun hlutaðeigandi hreppsnefndar, en viðurkenning hennar eptirá virðist eigi geta breytt neinu í þessu efni. Kirkjuhvammshreppur virðist því eigi geta orðið skyldaður til að greiða þennan dvalarkostnað.

Þar á móti verð jeg að vera samdóma amtmanninum yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um það, að rjett sje að skoda kostnaðinn við hina umræddu ferð hjeradslæknisins með kostnaði þeim, sem dvöl Jóhanns eða framfærsla í Kjósarhreppi hafið í för með sjer, því að þótt ferðin hafi verið gjörð einkum í þeim tilgangi að fá skorið úr því, hvort Jóhann væri flutningsfær, þá gat hún einnig skodast sem tilraun til að lækna sjúkleik hans, án tillits til flutnings.

Því úrskurðast hjer með að Kirkjuhvammshreppur greiði Kjósarhreppi auk 75 króna fyrir dvöl Jóhanns Bjarnasonar »bera« í Kjósarhreppi veturinn 1896/97 34 kr., sem er kostnaðurinn við hina framannefndu læknisferð, eða samtals kr. 109,00.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Kirkjuhvammshreppi.

Samþykkt

43
25. febr.

um kynbætur hesta í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

1. grein.

Í hverjum hreppi ræður hreppsnefndin, hvort graðhestar skuli vera einn eða fleiri; hefir hún rjett til að kaupa þá þar, sem hún álltur hentugast og greiðist borgunin úr sveitarsjóði. Hún skal og kjósa 3 menn innanhrepps, til

að velja graðhesta, skulu þeir kosnir til þriggja ára, en eigi eru þeir skyldir að taka við endurkosningu fyr en að jafnlöngum tíma liðnum. 43
25. febr.

Þeir, sem vilja selja eða leigja graðhesta, koma með þá á heimili einhvers nefndarmanna, en allir skulu þeir meta gildi þeirra.

2. grein.

Til graðhesta skulu aðeins valdir þeir hestar, sem eptir því sem unnt er fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

- 1, að þeir sjeu ekki getnir af of skyldum foreldrum, t. d. móður og syni eða systkinum, og að þeir sjeu af gallalausum, holdsömu og hraustu kyni.
- 2, að þeir hafi hreinan gang, skeið eða brokk, og að hann sje ættgengur í báðar ættir.
- 3, að þeir sjeu einlitir, þó ekki ljósir, og af einlitri ætt.
- 4, að þeir sjeu gjörfulegir á allan vöxt: hausfríðir, kjálkabykkir, makkaháir, bógaprýstnir, bein- en stutthryggjaðir, prúðir á tagl og fax, rjett- og dökkhæfðir, pungsiðir og kólfdigrir.

Graðhestamæður skul eptir því, sem það getur átt við, fullnægja sömu skilyrðum og sett eru um hesta. Eigi skulu graðhestamæður yngri vera en 5, og eigi eldri en 10 vetra.

3. grein.

Hreppsnefndin útvegar sumarhaga handa graðhestum og sjer um fóðrun þeirra að vetrinum. Hún borgar eptir samningi fyrir sumarhirðing og vetrarfóður og setur reglur um notkun hestanna, helzt eptir tillögum dýralæknis.

Nú getur hreppsnefnd ekki fengið sumarhaga á hentugum stað fyrir hestana, og er henni þá rjett að ákveða, hvar hestarnir skuli ganga; náist ekki samkomulag um borgunina, þá liggur það mál undir úrskurð hlutadeigandi sýslunefndar. Enginn búandi maður getur skorazt undan að taka hest í land sitt samkvæmt því sem áður er sagt.

Vilji einstakur maður eiga graðhest til undaneldis, er honum það heimilt, en háður skal hann eptirliti hreppsnefndar um meðferð og notkun hestsins.

4. grein.

Eigi skal láta hest fylja hryssu yngri en þriggja vetra og eigi eldri en 10 vetra. Á tímabilinu frá 1. maí til 24. júní skulu hryssur leiddar til hesta, og á þeim tíma má alls eigi hafa þá til annarar brúkunar.

5. grein.

Fyrir hryssu hverja, sem leidd er undir hest, skal fyrirfram borga 3 kr., þó má hreppsnefndin lækka borgunina, ef henni finnst ástæða til.

6. grein.

Öll hestfólöld, glaseygð eða mislit, skal gelda á 1. ári, en einlit á öðrum vetri, nema þau, sem ætla má, að verði notuð til undaneldis.

43
25. febr.

7. grein.

Nú hittist gradhestur, sem ekki er ætlaður til kynbóta, í upprekstrar-
eða heimalöndum einhverra hreppa, skal hann þá tekinn af þeim, sem verður
hans var, og afhendur hreppsnefnd, sem þá tekur hann í sjerstaka vöktun, sam-
kvæmt lögum um samþykktir um kynbætur hesta, 5. gr., og sætir brot móti
þessari grein háum sektum.

8. grein.

Brot móti samþykkt þessari varða sektum allt að 50 kr., sem renni í
sveitarsjóð, og ber hreppsnefndunum að hafa gætur á að henni sje hlýtt, og
kæra fyrir brot á henni. Mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu
rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem almennur hjeradsfundur hefir fallizt á, er hjermeð
staðfest af undirskrifudum armtmanni til þess að öðlast gildi 1. maí 1899.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtíð, Reykjavík 25. febr. 1899.

J. Havsteen.

44

Skýrsla

um efnahag »Minningarsjóðs lector. theol. Sigurðar Melsteðs« til ársloka 1898.

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins, staðfestri af konungi 1. apríl 1898		
(Stj.tíð. '98 B. nr. 69.) var eign sjóðsins 1. apríl 1895	,	kr. 370,83
Vextir 1895	.	— 9,74
— 1896	.	— 15,22
— 1897	.	— 15,83
— 1898	.	— 16,46
I útborgunardeild söfnunarsjóðsins ³¹ / ₁₂ '98	.	kr. 428,08

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík 15. marz 1899.

Magnús Stephensen.